

## 7. Fundur verkefnisstjórnar Brothættra byggða 2 – Undirbúningsnefnd ROF II

### Mætt á fundinn:

Hildur Halldórsdóttir, Kristján Þ. Halldórsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir og Olga Friðriksdóttir.

### Fundur settur kl. 13:00

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Tillögur að úthlutun styrkja vegna verkefnisins Raufarhöfn & framtíðin II

1. **Tillögur að úthlutun styrkja vegna verkefnisins Raufarhöfn & framtíðin II**

Á 6. fundi verkefnisstjórnar sem haldinn var 15. janúar sl. var skipað í undirbúningshópa. Um var að ræða tvo hópa, annar fyrir Raufarhöfn & framtíðin II (ROF II) og hinn fyrir Öxarfjörð í sókn II (ÖÍS II) og var þessum hópum ætlað að fara yfir allar umsóknir á sínu svæði og koma með tillögur að styrkjum til verkefnisstjórnar.

Verkefninu ROF II bárust alls 17 umsóknir og fór undirbúningsnefnd yfir þær umsóknir og komu með tillögur fyrir verkefnisstjórn.

Verkefnisstjóri mun svo taka saman þessar tillögur og setja saman greinargerð sem send verður verkefnisstjórn fyrir úthlutunarfund sem fram fer þann 9. mars 2026.

**Fleira ekki gert og fundi slitið 16:00**

**Fundargerð ritaði Nanna Steina**